



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
postur@uar.is

Reykjavík, 23. ágúst 2019

Efni: Umsögn um áform að breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar), S - 179/2019.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) fagna því að taka eigi til endurskoðunar viðauka við lög nr. 7/1998.

Samtökin telja mikilvægt að draga úr skyldu fyrirtækja til að afla sér leyfis samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sérstaklega á þetta við um viðauka IV og V þar sem er að finna lista um starfsemi sem fylgir afar lítil áhætta og lýtur að auki eftirliti annarra eftirlitsstjórnvalda.

Þannig annast Vinnueftirlit ríkisins eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum, matvælalöggjöfin tekur á starfsemi sem tengist veitingum, framreiðslu og framleiðslu matvæla og Embætti landlæknis annast eftirlit með allri heilbrigðisþjónustu. Að auki annast Neytendastofa hagsmuni neytenda. Ekki má svo gleyma aðhaldi frá viðskiptavinum fyrirtækjanna sem eru fljótir að forða sér annað ef umhverfið er ekki í samræmi við nútíma kröfur.

Það er því afar takmarkaður ávinningur sem felst í því fyrir ytra umhverfi fyrirtækja sem undir þessa viðauka falla að gera þeim skylt að afla sér starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998. Þá er gott að hafa í huga að starfsleyfisskyldan er hér víðtækari en nánast alls staðar í samkeppnislöndunum og þjónar fyrst og fremst skrifinnsku og eykur reglubyrði án mótsvarandi ávinnings.

Það er þó ekki útilokað að undir viðaukana geti heyrt starfsemi sem æskilegt er að haft sé sérstakt eftirlit með en til þess að skera úr um það er nauðsynlegt að fram fari sérstakt mat á áhættu sem starfseminni geti fylgt. Í þeim tilfellum ætti að nægja að fyrirtækin tilkynni um starfsemi sína til umhverfisyrivalda. Eftir sem áður ber fyrirtækjum að fara eftir kröfum í lögum og reglugerðum.

Samtökin leggja því til að viðaukar IV og V við lög nr. 7/1998 verði felldir brott.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins


framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins


framkvæmdastjóri

Afrit sent ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur.